

SJÁLFSMYNDIR



Listamenn geta í raun aldrei málað af sér sannar sjálfsmyndir, þær eru ávallt hugarsmíð sem þeir yfirfæra á tvívíðan flötinn.


Listmálari málar mynd af sjálfum sér. Framan við trönnurnar er hann í senn gerandi og fyrirmynd. Hann er augliti til auglitis við sjálfan sig. Við hlið hans er spegilmynd sem horfir á listamanninn og umhverfið kringum hann. Augun sem standa á honum festa ásjónu hans á myndflötinn. Hann mundar pensilinn og málar það sem hann sér í speglinum. Smám saman, stroku eftir stroku, vex fram á léreftinu hans eigið andlit. Málarinn horfir á sjálfsmynd sína. Sjálfsmyndin horfir á listamálarann. Tíminn hefur verið stöðvaður.

Sjálfsmyndir listamanna hafa ávallt vakið forvitni. Þær hafa gjarnan verið álitnar meira einkamál en önnur listaverk og búa yfir dýpri og sannari merkingu. Um langan aldur var það viðtekin skoðun að höfundar væru óvafengjanleg inntaksleg forsenda verka sinna. Þeir skópu verkið. Það var ættað úr hugarheimi skáldsins. Og þá var sjálfsmyndin sköpun í æðra veldi því að listamaðurinn var í senn sögumaðurinn og myndefnið! Á síðastliðnum áratugum hefur aftur á móti viðhorfið til höfundarins breyst all-

verulega. Lista- og fræðimenn hafa komið fram með kenningar þess efnis að í raun væri listamaðurinn mun háðari utanaðkomandi áhrifum. Hann væri ekki uppspretta eigin tjáningar og myndefnis heldur væri myndmálið sjálft afgerandi þáttur í sköpuninni, auk þess sem merkingarmyndunin ætti sér umfram allt stað í huga áhorfandans, eða eins og franska skáldið Paul Eluard orðaði það: „Þeir sem gera af sér sjálfsmyndir styðjast við speglinn án þess að gera sér grein fyrir því að þeir eru sjálfir speglar“. Í fræðibókum hefur þetta verið nefnt „fræðilegur dauði höfundarins“ og er jafnan kennt við *post-modernismann*.

Iþessu samhengi er það í senn spennandi og skemmtilegt að skoða og velta fyrir sér sjálfsmyndum listamanna en flestir hafa þeir einhvern tímann á ferlinum litið í spegil og fest eigin ásjónu á mynd. Margir hafa þó gert það sem æfingu eða með þeim ásetningi einum að ná andlitssvipnum. Aðrir, og þeir eru mun færri, hafa unnið markvisst og gert raunverulegar sjálfsmyndir með reglulegu millibili sem eru

**Þannig sjá þeir sjálfa sig
– Þórarinn B. Þorláksson,
Gunnlaugur Blöndal og Hringur
Jóhannesson**



afgerandi hluti af sköpun og frumleika viðkomandi listamanna.


Frá fyrri skeiðum listasögunnar er fátt um raunverulegar sjálfsmyndir. Þekktasta dæmið frá fornklassískum tíma er glötuð sjálfsmynd af gríska myndhöggvaranum Fídías sem Plútarkos segir að sé að finna á skildi Apenu Promakos (Forvígis-Apenu) í verkinu Skjaldmeyjar (amasónur) í bardaga. Þó að finna megi einstaka sjálfsmyndir í handritalýsingum og gullsmíði frá miðöldum þá voru sjálfsmyndir sjaldgæft myndefni allt fram til loka miðalda, en þá hófst mikil gróska í því. Ástæðan fyrir þessari vakningu er fyrst og fremst talin sú að á þessum tíma komu fram ný efni – olíulitirnir – og tækni sem gerði listamönnum auðveldara fyrir að mála andlitsmyndir af fullkominni nákvæmni. Þá er einnig nefnd sú staðreynd að einmitt á þessum tíma koma höfundarnir fram í dagsljósið og byrja að árita (signera) myndverk sín, en fram að þessum tíma höfðu flestir höfundar listaverka verið ónefndir. En það sem skiptir kannski mestu máli fyrir

Sjálfsmyndir listamanna hafa ávallt vakið forvitni. Þær hafa gjarnan verið álitnar meira einkamál en önnur listaverk og búa yfir dýpri og sannari merkingu.

þessa vakningu sjálfsmyndarinnar er að einmitt í lok 15. aldar nær spegillinn – sérstaklega speglar frá Feneyjum – í fyrsta sinn talsverðri útbreiðslu í Evrópu. En því má ekki gleyma að spegill er vafalítið nauðsynlegasta tækið við gerð sjálfsmynda. Allt frá þessum tíma hefur mikið verið um sjálfsmyndir listamanna sem birtast á margvíslegan hátt í listasögunni. En kunnastar eru þó einar þrjár myndgerðir sjálfsmynda: sjálfsmynd þar sem listamaðurinn er eina myndefnið, og er hann þá ýmist sýndur úr fjarlægð, við vinnu sína eða augliti til auglitis við sjálfan sig; sjálfsmynd þar sem listamaðurinn ljær þekktri persónu eða persónugervingi andlit sitt; og sjálfsmynd af listamanninum í hópmynd, og er hann þá oft falinn. Nokkrir listamenn hafa verið iðnari en aðrir við sjálfsmyndagerðina. Þannig má bókstaflega rekja æviskeið Rembrandts í gegnum sjálfsmyndir hans, og þýski listamaðurinn Durer málaði hvorki fleiri né færri en 50 sjálfsmyndir svo vitað sé. Og þar af léði hann ekki minni manni en Jesú Kristi andlit sitt í myndverki af Frelsaranum.

Með tilkomu ljósmyndarinnar á 19.

Helgi Þorgils Friðjónsson
málaði þessa sjálfsmynd
árið 1983 með olíu
á striga.



öld urðu miklar breytingar á afstöðu listamanna til sjálfsmýnda. Leiðandi listamenn þess tíma álitu ljósmyndavélina geta séð um nákvæmar eftirlíkingar og fjarlægðust því fyrirmyndina í verkum sínum og lögðu sig fram við að undirstrika gildi málverksins. Málverkið af höfundinum var umfram allt eftir listamanninn. Kemur þetta skýrt fram í verkum eftir Cézanne og Van Gogh, en sá síðarnefndi gerði fjölda frægra sjálfsmýnda af þeirri einföldu ástæðu að hann hafði ekki aðra fyrirmynd og var orðinn þreyttur á að mála landslagsmyndir, eins og hann orðaði það í bréfi til bróður sín Theos.

Það er ekki nokkrum vafa undirorpið að sjálfsmýndin fékk endurnýjað gildi í byrjun 20. aldar þegar listamenn kynntust kenningum Freuds um undirmeðvitundina, – hinn falda innri mann. Spurningin var ekki lengur eingöngu að líkjast fyrirmýndinni eða sviðsetja hana í gefnu umhverfi, heldur að túlka og myndgera þær kenndir sem bærðust innra með listamanninum. Hann málaði nú ekki

Sjálfsmýndin fékk endurnýjað gildi í byrjun 20. aldar þegar listamenn kynntust kenningum Freuds um undirmeðvitundina, – hinn falda innri mann.


aðeins það sem hann sá eða virtist sjá, heldur málaði hann á dýptina, jafnframt því sem áhorfendum var boðið upp á raunverulegan myndlestur.

Þessi áhugi á sjálfsmýndinni hélst fram til þess tíma er abstraktmálverkið og *formalisminn* varð ríkjandi um miðbik aldarinnar, en sú myndgerð gat auðvitað ekki þjónað hinni hefðbundnu sjálfsmýndagerð. Þó eru til þeir lista- og fræðimenn sem álíta „tilvistarverknað“ Jackson Pollocks vera dæmi um hina fullkomnu og algeru sjálfsmýnd!

Á síðastliðnum tveimur áratugum, með endurkomu manneskjunnar inn í málverkið, hefur aftur farið að bera á sjálfsmýndum listamanna, og þá sérstaklega í *conceptlistinni* og *performance* þar sem listamaðurinn er oft í senn formræn stöð og megin myndefnið. Eru þessar sjálfsmýndir gjarnan settar fram í ljósmyndum.

Í okkar stuttu listasögu hafa flestir listamenn dregið á blað eða málað eigið andlit, en þó af mismunandi mikilli alvöru. Margir hafa aðeins leitast við að

**Þannig er
hins vegar tjáning
og sjálfskynjun
Árna Ingólfssonar.**





Það er í senn spennandi og skemmtilegt að skoða og velta fyrir sér sjálfsmyndum listamanna, en flestir hafa þeir einhvern tímann á ferlinum litið í spegil og fest eigin ásjónu á mynd.

ná andlitssvipnum, og eru það oftast teikniæfingar sem listamenn hafa gert á sínum yngri árum. Aðrir hafa hins vegar notað eigin ásjónu sem raunverulegt myndefni í málverk sem eru fullkominn hluti af persónulegum stíl eða formskrift viðkomandi listamanna. Hvað varðar myndgerðina þá eru íslenskir listamenn einkar íhaldssamir. Þeir mála sig oftast eina á léreftið, augliti til auglitis við sjálfa sig eða spegilinn. Þeir sýna helst eingöngu andlitið og kannski rétt niður fyrir axlir. Sjálfsmyndir af íslenskum listamönnum í fullri stærð eru sjaldséðar. Þá er það athyglisvert að þeir eru ör-sjaldan í hlutverki listmálarans á léreftinu og í flestum tilfellum er ógjörningur að geta sér til um atvinnuheiti viðkomandi í lífinu. Þeir eru í fæstum tilfellum „listmálaralegir“ og er það nokkuð sérstætt í listasögunni því úti í hinum stóra heimi má finna fjölda sjálfsmynda sem eru umfram allt staðfesting eða yfirlýsing á því að viðkomandi sé myndlistarmaður og vilji láta muna eftir sér sem slíkum. Sigurður Guðmundsson lítur blæbrigðalaust á sjálfan sig/áhorfendur. Þórarinn B. Þorláksson er í rómantískum stelling-

um með hönd undir kinn og virðist djúpt sokkinn í hugsanir sínar. Manni dettur helst í hug heimspekingur. Jón Stefáns-son gerði af sér fjölda sjálfsmynda og er hann einn af fáum íslenskum listamönnum sem málar sig með pensil og litaspjald í hönd. Staða Jóns í rýminu – 2/3 – er svipuð í flestum þessum sjálfsmyndum og er greinilegt að hann hefur málað sig beint eftir spegilmyndinni, en munað að setja litaspjaldið í rétta hönd! Júlíana Sveinsdóttir málar sig oft á ólíkum aldurs skeiðum og má í raun lesa í gegnum sjálfsmyndirnar þær breytingar sem urðu í list hennar á löngum ferli. Ásgrímur Jónsson þrengir að andlitinu og beitir *expressionískri* litameðferð til að lýsa eigin andliti. Í einni af sjálfsmyndum Ásgríms, sem reyndar er sú minnsta, má ef grannt er skoðað finna nokkrar málningarslettur á vinnublússunni. Þeir Jón Þorleifsson, Snorri Arinbjarnar og Þorvaldur Skúlason ganga enn lengra í þá átt að gera sjálfsmyndina að sjálfstæðu listaverki, og segja má að andlitið á Jóni – afgerandi litir og einföld teikning – sé aðeins orðin stoð eða átylla til að mála málverk. Jón Engilberts málaði af sér

Jóhanna Kristín Yngvadóttir segist í raun aldrei mála annað en sjálfa sig. Myndir hennar eru dimmar, óræðar og hlaðnar dramatískri spennu. Guðrún Tryggvadóttir er einnig fáklædd, hnyklar brýnnar og virðist furðu lostin á svip, þar sem hún sýnir sig barnshafandi.




margar myndir og oft með miklum húmor. Á sjöunda áratugnum notar hann myndmál formleysismálverksins og dregur upp ásjónu sína með nokkrum hnitmiðuðum pensilstrokum um leið og hann gerir létt grín að sjálfum sér, en slík dirfska er reyndar sjaldséð í sjálfsmyndum íslenskra myndlistarmanna. Sverrir Haraldsson er einn af fáum sem bregður út af hefðbundnu sjónarhorni spegilsins og skoðar sjálfan sig ofan frá. Var þetta sjaldséður frumleiki á þessum tíma. En frumleikinn átti eftir að magnast í sjálfsmyndum íslenskra listamanna og þá sérstaklega á síðastliðnum áratug. Hreinn Friðfinnsson, sem vinnur með ljósmyndir, sýnir sjálfan sig sem lítinn dreng á einni, og síðan sem fullorðinn mann á hinni. Er þetta einkar ljóðræn hugleiðing um tímann. Gunnar Orn málar sjálfsmynd með aðstoð myndvarpa. Og á gler myndvarpans settist fluga. Hún fær að vera með á myndinni. Einar Hákonarson bítur á jaxlinn, starir í spegilinn og malar sig hispurslaust og *agressíft* á léreftið. En Helgi Þorgils Friðjónsson setur sjálfan sig á svið í Adamsklæðum með fjallasýn að baki. Maðurinn á

myndinni ber svipmót höfundar, en það gera raunar flestar persónurnar í verkum listamannsins! Guðrún Tryggvadóttir er einnig fáklædd (en þó ekki í sömu mynd) þar sem hún skoðar/sýnir sig barnshafandi. Hún hnyklar brýnnar og virðist furðu lostin á svip! Hulda Hákon bregður út frá íslenskri venju og mótar sig í hópi kunnuglegra einstaklinga, þeirra Gláms, Grettis og Illuga. Jóhanna Kristín Yngvadóttir segist í raun aldrei mála annað en sjálfa sig. Myndir hennar eru dimmar, óræðar og hlaðnar dramatískri spennu. Sjálfsmyndin hér er einkar at-
hyglisverð fyrir þá sök að hún sýnir tvær myndir í sama málverki: listamanninn og hinn.

Það virðist nokkuð ljóst að sjálfsmyndir hafa orðið algengari á síðastliðnum árum. En það sem er kannski at-
hyglisverðast er að ungir listamenn eru ekki að setja sig í neinar sérstakar stellingar, heldur virðist sjálfsmyndin eðlilegur hluti af myndmáli þeirra og sköpunarverki. Það er ekkert verið að slá af frumleikanum og dirfskunni. Ekkert er gert

Málarinn horfir á sjálfsmynd sína. Sjálfsmyndin horfir á listmálarann. Tíminn hefur verið stöðvaður.

**Sjálfsmynd
Einars
Garibalda
Eiríkssonar.**



til að taka fram fyrir hendurnar á málverkinu! Og þar erum við ef til vill kominn að kjarna málsins og spurningunni hvað er sjálfsmynd og/eda er hægt að tala um sjálfsmynd yfirleitt? Við vitum um málara sem hafa gert af sér fjölda sjálfsmynda, og þótt þær minni allar á svipmót viðkomandi þá er engin þeirra eins. Hvert málverk hefur sinn tíma. Hefðbundnar skilgreiningar segja að sjálfsmynd sé verk sem hafi augljósa vísun til höfundar. En í raun þá er þetta ekki svona einfalt, því þegar öllu er á botninn hvolft málari listamaðurinn sig eins og hann heldur að hann líti út, og í mörgum tilfellum getum við sagt að listamaðurinn máli umfram allt umræðuna um sjálfan sig. Listamaðurinn er aldrei allur á léreftinu. Þegar hann endurbyggir sjálfan sig á myndfletinum þá veit hann ekki nema hálfan sannleikann. En það sem skiptir kannski meira máli er hvernig listamaðurinn yfirfærir ásjónu sína á léreftið. Því að listamaðurinn þarf að nota ákveðið myndmál og þar sjáum við að stíllinn eða skriftin grípur ávallt inn í og málverkið byrjar að mála sig sjálft, því þegar best lætur mála listamenn

sjálfsmyndir í sama stíl eða með sömu skrift og málverk með öðru myndefni. Listamenn geta því í raun aldrei málað af sér *sannar sjálfsmyndir*, heldur eru þær ávallt hugarsmíð sem þeir yfirfæra á tvívíðan flötinn. Raunveruleikinn sleppur ávallt úr greipum þess sem malar, því á milli höfundar og myndar er túlkunin og undirmeðvitundin með sínar sjálfstæðu meiningar. Þó svo að gerandinn og myndefnið séu eitt og hið sama þá er líkt og endranær enginn sannleikur til í listum.

En hvað sem líður sögunni og listfræðilegum vangaveltum um sjálfsmyndina þá getur það einnig verið skemmtilegur leikur að bera saman sjálfsmyndir og ljósmyndir af viðkomandi listamönnum og reyna þannig að lesa út úr þeim upplýsingar um persónuleika listamannsins og kannski hvaða hugmyndir hann hefur um sjálfan sig, samtímis því að áhorfendur fá notið málverkanna sem list með stóru L-i. □